

2. desember 2008

2 fundur.

Haldinn í Íþróttamiðstöðinni Laugardal.

Aðalstjórn og varastjórn voru boðaðar til þessa fundar. Mættir voru: Haraldur Þórarinnsson, Vilhjálmur Skúlason, Sigurður Ævarsson, Oddur Hafsteinsson, Ísleifur Jónsson, Maríanna Gunnarsdóttir, Sigfús Helgason, Þorvarður Helgason og Sigrún Valdimarsdóttir aðrir boðuðu forföll.

1 Fundargerð síðasta stjórnarfundar

Fundargerð síðasta fundar samþykkt með leiðréttingum.

2 Skipun nefnda

- **Aganefnd**, samþykkt var að breyta reglugerð í 3 varamenn. Þorvaldur Sigurðsson, Atli Már Ingólfsson og Sæþór Fannberg. Varamenn Þórarinn Þórarinnsson, Kristín Þórðardóttir, Birna Baldursdóttir.
- **Dómaranefnd**, ákveðið var að fresta skipun dómaranefndar þangað til starfslýsing væri endurskoðuð, ákveðið að keppnisnefnd skili endurskoðari starfslýsingu fyrir dómaranefnd fyrir 31 janúar 2009.
- **Keppnisnefnd** : Sigurður Ævarsson formaður, Ísleifur Jónasson, Ágúst Hafsteinsson, Halldór Svansson, Hulda Gústafsdóttir, Þórir Örn Grétarsson og Freyja Hilmarsdóttir
- **Landsliðsnefnd**, breyta skal reglugerð landsliðsnefndar og ásamt því að búa til reglugerð fyrir fjáröflunarnefnd. Skila skal breytingartillögu fyrir næsta fund. HP, VS, JFF
Skipun landsliðsnefndar Bjarnleifur Bjarnleifsson formaður, Sigurður Sæmundsson, Sigurbjörn Bárðarson, Jón B. Olsen og fyrir hönd stjórnar Maríanna Gunnarsdóttir.
- **Fjáröflunarnefnd**, Jón Albert Sigurbjörnsson, Pétur J. Eiríksson, Sigurður Ragnarsson, Árni Guðmundsson og Óskar Eyjólfsson, Davíð Ingason til vara. HP, VSK og JFF munu skila starfslýsingu fyrir nefndina fyrir næsta stjórnarfund.
- **Mannvirkjanefnd**, Endurskoða þarf reglugerð nefndar, Hinrik Bragason, Birgir Leó Ólafsson, Halldór Svansson, til vara Ásgeir Margeirsson. HP, VSK og BLÓ munu skila starfslýsingu fyrir nefndina á næsta stjórnarfund.
- **Reiðveganefnd**, Halldór Halldórsson fyrir hönd LH og svo verða aðila skipaðir af reiðveganefndum félaganna.
- **Tölvunefnd** Oddur Hafsteinsson Formaður, Þórður Ingólfsson, Ágúst Guðjónsson, Valdimar Snorrason, Kristín Jónasdóttir, fyrir hönd gæðingadómarafélags Íslands Erla Guðný Gylfadóttir og íþróttadómarafélag Íslands Þórir Örn Grétarsson. Vantar starfslýsingu fyrir viðkomandi nefnd OH mun skila fyrir næsta fund.
- **Æskulýðsnefnd** : Helga B. Helgadóttir, Sigríður Birgisdóttir, Þorvarður Helgason, Sóley Margeirsdóttir, Andrea Þorvaldsdóttir, Sigurvaldi R. Hafsteinsson.

Skipun annarra nefnda og millipinganefnda frestað til næst fundar.

3. Árgjald Worldfeng

Jón Baldur kom og kynnti nýjan samning um Worldfengs og FEIF ásamt aðdraganda þess sem var af kröfu FEIF að Worldfengur yrði opin fyrir alla aðildarfélaga FEIF. Samningurinn var lagður fyrir stjórn LH. Sjá viðhengi Worldfengur proposal 2008. Lagt er til að nefnd skipuð Gunnari Sturlusyni, Vilhjálm Skúlasyni, Sigurður Ævarsson, Oddi Hafsteinssyni og Maríanna Gunnarsdóttir.

4. Niðurstöður lyfjaeftirlitsnefndar

Farið var yfir niðurstöður Lyfjaeftirlitsnefndar frá árinu 2008. Niðurstöður voru allar neikvæðar og lýsir stjórn ánægju sinni með niðurstöðurnar. Stjórn lýsir samt furðu sinni að hvorki þeim aðilum sem voru teknir í lyfjapróf, forráðamenn hesta eða mótshaldarar hafa ekki fengið nein viðbrögð frá Lyfjaeftirlitsnefnd.

5. Þingskjal 11 a.

Samþykkt var að senda tillögur til FEIF byggt á þingskjali 11 a. Viðhengi Proposal From to change FIPO rules.

6. Bréf til FEIF

Lagt var fram bréf sem senda á til FEIF vegna tillögu sem flutt var á sportnefndarfundum er varðar skipun dómara á WR mót. Er þar þessari tillögu mótmælt og óskað eftir að gildistöku hennar verði frestað um eitt ár og síðan verði lögð fram breytt tillaga á þeim tíma. Ef ekki verði farið að þessari beiðni verða engin WR haldin á Íslandi á næsta ár.

7. Ferðakostnaður stjórnar

Frestað til næsta fundar.

8. Menntamál Hvanneyri

Oddrún Ýr starfsmaður LH. og Haraldur og Vilhjálmur munu fylgjast með framvindu þessa máls.

9. Íþróttakona / íþróttamaður LH

Lögð voru fram gögn af starfsnefnd og tillögu að Huldu Gústafsdóttur sem íþróttakonu ársins og Árni Björn Pálsson sem íþróttakarlar ársins

Í framhaldinu er skipaður starfshópur sem skal skila viðmiðunarreglum til stjórnar um val á íþróttakonu og íþróttakarlar LH. Í starfshópnum Ísleifur Jónasson, Sigrún Valdimarsdóttir og Sigfús Helgason. Nefndin skal skila tillögum fyrir annan fund stjórnar 2009.

10. Reglur um val á úrvalshópi í hestamennsku

Lagt var fram reglur um val á úrvalshópi í hestamennsku frá starfshópi og voru þær samþykktar af stjórn, í hópnum voru Helga B. Helgadóttir, Bjarnleifur Bjarnleifsson og Anna Valdimarsdóttir **Viðhengi**.

11. Uppskeruhátíð uppgjör.

Fjallað var um uppgjör en nánari umfjöllun frestað til næsta fundar.

12. Skógahólar

Umræðum frestað til næsta stjórnarfundar.

13. Heimasíða LH

Ákveðið var að ganga að samningi við fyrirtækið Stefnu um smíði nýrrar heimasíðu.

14. Önnur mál

a) Skógarhólar

Skógarhólanefnd verður skipuð á næsta fundi.

b) Hross í hollri vist

Erindi frá Hvanneyri verður vísað til mannvirkjanefndar.

c) Skýrslu um mótarið

Umfjöllun frestað til næsta fundar

d) Hestamenn í Ólafsfirði,

Sigfús Helgason fór yfir málefni hestamanna í Ólafsfirði og samskipti við stjórnvöld og vegamálastjóra. Sigfús Helgason er falið að halda áfram góðu starfi sínu fyrir hönd LH í málinu og lýsir stjórn fullum stuðningi við starf Sigfúsar.

e) Vilhjálmur Skúlason

Lagði fram nokkrar tillögur fyrir stjórn til umhugsunar og verða ræddar á næsta stjórnarfundum

- a. Um skipulag samskipta við FEIF
- b. Breytingar á stjórn Landsmót ehf.
- c. Landslið hestamanna og kynbótalandslið Íslands.
- d. Uppgjör hestatorgs

f) Lagt var fyrir bréf frá FEIF og umræðu frestað til næsta fundar.

Næsti fundur stjórnar ákveðinn 12. desember 2008.

*Fleira ekki fært til bókar
Fundarritari: Oddur Hafsteinsson*